

Alþingi
Erindi nr. P 140/785
komudagur 12.12.2011

Alþingi Íslendinga

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

Formaður Valgerður Bjarnadóttir alþingismaður

150 Reykjavík

5. desember 2011

Til Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

Í fréttum í fjölmiðli hefur það nýlega komið fram að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hyggst framlengja frest til að taka á mótum umsögnum, ábendingum og athugasemdum við frumvarp stjórnlagaráðs til nýrrar stjórnarskrár. Leyfi ég mér að bregðast við þessari frétt með þessu bréfi.

Hinn 30. júlí sl. birtist meðfylgjandi grein mín á vefmiðlinum pressan.is. Í greininni eru ekki langar röksemdafærslur, en nefnd nokkur ákvæði í frumvarpi stjórnlagaráðs sem ég tel gefa tilefni til athugasemda. Sumt hefur verið rætt síðar og stjórnlagaráð hefur skýrt inntak ákvæða og tillagna, en þó tel ég að þessi grein eigi enn erindi.

Lesmálið skýrir sig sjálf. Óski þingnefndin frekari skýringa eða umfjöllunar um einstök atriði, er mér heiður og skylda að láta slíkt í té.

Virðingarfyllst,



Jón Sigurðsson

Reynihv. 3, 200 Kóp. s.8256392 / jsi@ru.is
(kt. 2308462869)

Jón Sigurðsson: Ný stjórnarskrá

Fram er komið frumvarp stjórnlagaráðs til stjórnskipunarlags, nýrrar stjórnarskrár. Mjög virðingarverðu starfi er lokið og mikilvægt mál í fyrsta áfanga. Starfið hófst með auðmýkingu en ráðið hefur unnið vel úr málum. Auðvitað er það galli að textinn lengist að mun.

Frumvarpið er í grunninn sama stjórnarskráin áfram og verður söguleg samfella. Ýmsar breytingar eru í frumvarpinu og sumar róttækar. Þær eru þó ekki meiri en gerðar voru t.d. 1933, 1959 eða 1995. Aðdáunarvert er að svo fjölmennur hópur skilar samfelldum texta. Það er gott að samstaða náðist, en ráðið hefur talið það úrslitamikilvægt eins og á stóð.

Nú verður löng bið á afgreiðslu málsins samkvæmt núgildandi stjórnarskrá. Miklu skiptir að nota tímann vel til kynningar og umræðu. Meirihluti þjóðarinnar hefur verið andvígur eða áhugalaus um þetta verkefni, en nú þarf að vinna að því að breyta þeirri afstöðu.

Hér verða sýnd nokkur fyrstu viðbrögð eftir fljótan lestur.

Skýringar vantar í greinargerð eða skýrari lokatexta:

Ekki er samræmi milli 1.gr. og 37.gr. Nýja framsetningu þingræðisreglu þarf að skýra. - 2.gr. er ekki í samræmi við IV eða V kafla, en þar fer forseti Íslands ekki með neitt framkvæmdarvald. - 6.gr. er í fullu ósamræmi við frumvarpið að öðru leyti. Hún er yfirlýsing í 1.pers. fleirt. en ekki stjórnarskrárákvæði. - Í 7.gr. virðist orðið „meðfæddur“ notað til að helga fóstureyðingar, og veur það undrun. - Í 23.gr. er efni í endalaus skaðabótamáli, ef hún merkir þá eitthvað. - Í 33.gr.1.mgr. er náttúrufræðileg eða heimspekileg fullyrðing sem á illa heima í stjórnskipun. - Í 35.gr.2.mgr. er vísað til úrskurðaraðila. Ekki er skýrt að hér skuli fara aðra leið en dómstóla. - Í IV og V kafla virðist yfirleitt ekki gert ráð fyrir ríkisráði eða neinum fundum ríkisstjórnar með forseta Íslands. - Í 96.gr.6.mgr. er ákvæði um útlendinga sem veur undrun. - Í 112.gr.2.mgr. eru aðeins tvær tegundir alþjóðasamninga nefndar og má spyrja um ástæður þess.

Ósamræmi og göt:

Um 1.gr. og 37.gr. sjá ofar. - Um 2.gr. sjá ofar. - Í 16.gr.2.mgr. eru aðeins „blaðamenn“ nefndir og veur spurningar um aðra fjölmiðlamenn eða málshefjendur. - Í 24.gr.3.mgr. eru greindar kröfur til menntunar, en ekki nefnd efnisleg þekking, þjálfun, vald á efni. Á málsgreinin kannski ekki að merkja neitt? - Í 39.gr. vantar allt aðalefnið. Engin bein ákvæði eru um kjördæmi, kosningakerfi eða talningaraðferð. Allt þetta er almennt orðið með mörgum hugsanlegum útfærslum. - Í III kafla vantar alveg ákvæði um þingflokka, en þeir eru undirstaða í þingræðiskerfi. - Í 98.gr. vantar mikilvægt efni. Þar er ekkert um dómstólaskipan og dómstig.

Vafi og álitamál:

Hvað merkir orðið „mannhelgi“ í 10.gr.? Sjá 27.gr. en þar er hefðbundin merking. - Vafi er á því hvort nokkur merking er í 1.setningu 3.mgr. 14.gr. - Er ákvæði 3.mgr.42.gr. einhvers konar hefnd, eða hvað verður t.d. um lífeyrisrétt? - Í 57.gr.1.mgr. er mjög vafasamt ákvæði og betra að þingið hlýði í upphafi á framsögu og ákveði síðan um framhald máls. Málshefjandi verður að fá tækifæri til almennrar framsögu í heyrenda hljóði. - Sama á við um 58.gr.1.mgr. - Samkvæmt IV og V kafla fer forseti Íslands aðeins með tillögu um forsætisráðherra, undirritun eða synjun laga, náðanir og kurteisisverkefni. Spyrja má hvort embættið er þá ekki orðið óþarft og mætti sameina embætti forseta Íslands og forseta Alþingis, sbr.

breytingar á því embætti í frumvarpinu. - Í 89.gr.3.mgr. er gert ráð fyrir breytingu sem þarf að ræða mjög rækilega. Á framboðslistum eru keppinautar gjarnan hver á eftir öðrum og iðulega fulltrúar ólíkra skoðana innan flokks. Tilhögun í þessu skiptir því afarmiklu máli.

Lýst andstöðu við ákvæði:

Í 5.gr. er engin þegnskylda til að taka þátt í björgun eða aðstoð á slysstað, eða landvörnum eða öryggisgæslu vegna almannafríðar. - Um 6.gr. sjá ofar. - Í 8.gr. er yfirlýsing sem er merkingarlaus. - Um 23.gr. sjá ofar. - Um 33.gr. sjá ofar. - Í 33.gr.1.mgr. er gert ráð fyrir óþarflega mörgum Alþingismönnum. Tímabært er að fækka þeim, eins og fjölda í ríkisstjórn. - Í 49.gr.3.mgr. er stórhættulegt ákvæði. Það ætti að vera skilyrði að Alþingi sem heild taki ákvörðun um frávík frá þinghelgi. - Í 60.gr., 65.gr. og 66.gr. vantar algerlega ákvæði um lágmarkspáttöku eða lágmarksjákvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er stórkostlega hættuleg skipan mála í frumvarpinu. - Um 57.gr. og 58.gr. sjá ofar. - Það vekur mikla furðu að stjórnlagaráð heldur orðinu „ráðherra“ sem starfstitli. Völ er á mörgum betri starfstitlum. - Í 90.gr.1.,2.,3.mgr. er breyting sem er meiri á yfirborði en í raun. Sú tilhögun sem stjórnlagaráð leggur til mun leiða af sér umfangsmikið baktjaldamakk og „samninga“ langt umfram það sem tíðkast hefur þegar forseti Íslands ræðir við menn sem hafa áður fengið umboð flokka, flokksþinga eða þingflokka. - Í 113.gr.2.mgr. er ákvæði sem verður að teljast algerlega óhæft og óskiljanlegt að stjórnlagaráð lætur það frá sér fara. Hér er verið að veita „stjórnmálastéttinni“ meira ofurvald en nokkur maður hefur áður látið sér detta í hug.

Höf. er rekstrarhagfræðingur og lektor við HR.